



Fundargerð

Fundur haldinn Oddeyrarskóla þriðjudaginn 26. nóvember kl. 8:10 stofa 301

Mættir: Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, Fjóla Kristín Helgadóttir deildarstjóri, Baldvin Árnason og Sólveig María Sv. Haraldsdóttir fulltrúar nemenda, Nanna Rut Guðmundsdóttir og Mayflor Perez Cajes fulltrúar foreldra, Arna Sól Mánadóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Óskar Örn Eggertsson fulltrúi kennara. Forfallaðir; Margrét Aðalgeirsdóttir deildarstjóri, Sigríður Pedersen fulltrúi foreldra og Jónína Rakel Sigurðardóttir fulltrúi kennara.

Dagskrá fundar:

1. [Skólanámskrá](#) Skólanámskrá er gerð til nokkurra ára í senn og er núna í endurskoðun.
 - a. Sýn og stefna skólans. Fremst í skólanámskrá er sýn og stefna skólans sem hefur verið eins mjög lengi og eftir endurskoðun var ákveðið að breyta henni ekki.
 - b. Anna fór yfir helstu þætti skólanámskrár og nefndi sérstaklega tengsl við nærsamfélagið. Rætt var um heimsóknir í fyrirtæki og að fá fulltrúa úr atvinnulífinu til að koma með kynningar.
 - c. Anna hvatti fólk til að kynna sér skólanámskrána og koma með athugasemdir því enn er verið að endurskoða hana.
2. Réttindaskóli Unicef - hér má sá upplýsingar um [innleiðingarferli](#) . Eitt af fyrstu skrefunum í innleiðingu Réttindaskóla og -frístundar er stöðumat með starfsfólki og börnum. Stöðumatið leggjum við fyrir í upphafi innleiðingar og svo aftur þegar kominn er tími á úttekt fyrir viðurkenningu. Þannig mælum við þekkingu, skilning og getum metið árangur innleiðingarinnar. Það er mikilvægt að kynna fyrir börnunum af hverju þau eru að taka þessa könnun. Þessar niðurstöður munu hafa áhrif á aðgerðaáætlun sem unnin verður úr niðurstöðunum sem mun hafa bein áhrif á skóla- og frístundastarfið.
3. Smíðakennsla. Anna sagði frá að allt bendi til að seinkun verði á því að smíðakennsla geti aftur hafist í Oddeyrarskóla. Í upphafi var rætt um tvö ár en nú er ljóst að ekki verður hægt að hefja kennslu hér fyrr en í fyrsta lagi haustið 2026 ef leikskólinn á að vera hér þar til byggt hefur verið upp í Hagahverfi. Fram komu áhyggjur vegna þessa en áður en ákvörðunin um aðsetur leikskólans í smíðastofu Oddeyrarskóla var tekin lagði skólastjóri mikla áherslu á að tímamörk myndu standa. Foreldrafélagið sendi fyrirspurn



Fundargerð

vegna þessa máls og mála tengda umferðaröryggi kringum skólann til tveggja bæjarfulltrúa sem sitja í fræðslu- og lýðheilsuráði. Ekki hafa fengist svör við við þeirri fyrirspurn. Foreldrafélagið hefur fengið áheyrnafulltrúa frá Samtaka til að fara með málið fyrir fræðslu- og lýðheilsuráð. Starfsfólk sem vinnur í sömu álmu og leikskólinn er staðsettur talar um truflun sem verður vegna hávaða frá börnum í leikskólanum en kennslustofur eru þar beint fyrir ofan.

Anna sagði frá þeim möguleika að fá inni í öðrum skóla eða Rósenborg fyrir smíðakennslu fyrir nemendur Oddeyrarskóla. Það mál er í skoðun. Skólaráð vill að eftirfarandi ályktun verði send til sviðsstjóra fræðslu- og lýðheilsusviðs með það fyrir augum að málið verði tekið upp í fræðslu- og lýðheilsuráði:

Fyrirhugað var að leikskóladeildin Dvergheimar sem er útibú frá Iðavelli yrði í húsnæði Oddeyrarskóla til hausts 2025. Nú er útlit fyrir að deildin verði lengur í húsnæði skólans.

Skólaráð Oddeyrarskóla lýsir yfir miklum áhyggjum af þessari þróun mála, því á meðan leikskóladeildin er í húsnæðinu njóta nemendur Oddeyrarskóla ekki smíðakennslu og hafa ekki aðgang að því rými sem skólinn þarf á að halda til að geta haldið uppi kennslu í skóla fyrir alla.

Skólaráð telur það óábyrgt af hálfu bæjaryfirvalda að hýsa leikskóladeildina í húsnæði Odddeyrarskóla lengur en áður var ákveðið. Skólinn þarf á þessu húsnæði að halda undir sína lögboðnu starfsemi.

Óskað er skriflegra svara um framtíð smíðakennslu í Oddeyrarskóla.

4. Gæðaráð

- Nemendaping verður haldið í febrúar en ekki nóvember eins og undanfarin ár. Kalla á eftir meiri samræðu við nemendur varðandi umfjöllunarefni.
- Staðan á innra mati - þeirri umræðu verður frestað til næsta fundar. Hér má sjá [Starfsáætlun gæðaráðs](#)

5. Önnur mál

- Fyrirspurn kom um stöðuna á sundkennslu en ekkert sund verður í desember vegna endurnýjunar á kvennaklefum. Nemendur fá íþróttatíma í staðinn á meðan þessu stendur.



Fundargerð

- b. Foreldrafélagið var með fund í síðustu viku þar sem foreldrafulltrúar úr öllum bekkjum mættu. Þar kom fram að ósk um að föstudagspóstar verði líka skrifaðir á ensku þar sem hluti foreldra skilur ekki íslensku og reynir ekki að lesa pósta frá skólanum sem skrifaðir eru á íslensku. Málið verður tekið til skoðunar.

Fundi slitið kl. 9:12

Fundarritari: Fjóla Kristín Helgadóttir